

Vesturbyggð  
Óskar Örn Gunnarsson

Reykjavík, 18. maí 2026  
Tilvísun: 202604017 / 6.2

## Efni: Breyting á deiliskipulagi Hafnarsvæði á Patreksfirði, Vesturbyggð

Vesturbyggð hefur, með erindi dags. 14. apríl 2026, sent Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun (HMS) breytingu á ofangreindu deiliskipulagi til yfirferðar samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga og var málsmeðferð skv. 1. mgr. 43. gr. laganna. Athugasemdafresti lauk 24. nóvember 2025. Engar athugasemdir bárust á kynningartímanum en umsagnir bárust frá opinberum umsagnaraðilum. Deiliskipulagsbreytingin var samþykkt með breytingum í heimastjórn þann 8. apríl 2026.

Deiliskipulagsbreytingin tekur til hafnarsvæðis á Patreksfirði og felur í sér uppbyggingu við höfnina ásamt breytingum til samræmis við núverandi stöðu lóða, gatna og mannvirkja. Gert er ráð fyrir um 180 m löngum viðlegukanti, nýrri vegtengingu að hafnarkanti og tengingum við Eyrargötu og Odda. Tillagan felur jafnframt í sér breytingar á lóðum og lóðastærðum, nýja og breytta byggingarreiti, auknar byggingarheimildir á hluta svæðisins, landfyllingu undir nýjar lóðir, stækkun olíubirgðastöðvar og möguleika á skipalyftu milli eldra stálpils og nýs hafnarkants.

Deiliskipulagsbreytingin er sett fram á kortblaði með greinargerð og uppdrætti í mkv. 1:2000, dags. 13. apríl 2026.

HMS hefur yfirfarið framlögð gögn og gerir athugasemd við að sveitarstjórn birti auglýsingu um samþykkt deiliskipulagsbreytingarinnar í B-deild Stjórnartíðinda vegna:

- Deiliskipulagstillagan er ekki í samræmi við Aðalskipulag Vesturbyggðar 2018-2035 þar sem tillagan gerir ráð fyrir landfyllingu og stækkun skipulagssvæðis út fyrir afmörkun hafnarsvæðis samkvæmt aðalskipulagi

HMS bendir einnig á eftirfarandi atriði sem þarf að yfirfara og eftir atvikum bregðast við:

- Yfirfara þarf framsetningu uppdráttar þannig að greinarmunur á gildandi skipulagi og tillögu að breytingu sé skýr.
- Ekki verður séð af framlögðum gögnum að athugasemd Minjastofnunar Íslands hafi verið afganglega. Staðfesta þarf hvort fornleifaskráning hafi verið uppfærð í samræmi við umsögn Minjastofnunar og hvort skráðar minjar hafi verið færðar inn á skipulagsuppdrátt þar sem við á.
- Í skipulagsgögnum þarf að tilgreina áætlað umfang landfyllingar og þá hámarksstærð skipa sem gert er ráð fyrir á svæðinu.
- Stofnunin minnir á að leita þarf umsagnar Umhverfis- og Orkustofnunar vegna varps í haf sbr. lög um varnir gegn mengun hafs og stranda nr 33/2004.

- Meta þarf hvort fyrirhugaðar framkvæmdir falli undir lög nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Sérstaklega þarf að skoða hvort framkvæmdir falli undir töluliði 10.09 og 10.10 í 1. viðauka laganna.
- Í umhverfismatsskýrslu deiliskipulagsbreytingarinnar þarf að gera grein fyrir mögulegum áhrifum framkvæmda á vatnshlot samkvæmt lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Sjá leiðbeiningar um [Mat á áhrifum framkvæmda og starfsemi á vatnshlot](#).
- Yfirfara þarf uppdrætti, en af framlögðum gögnum virðist sem hluti sjóvarnar skerist við nýjan veg við fyrirhugaða höfn.
- Bent er á að þar sem skipulagssvæðið er stækkað þarf að senda uppfærða afmörkun skipulagssvæðisins á stafrænu formi í Skipulagsgátt.

HMS minnir á að sveitarstjórn skal taka athugasemdir HMS til umræðu skv. 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga. HMS óskar eftir að fá deiliskipulagsbreytinguna aftur til yfirferðar þegar brugðist hefur verið við athugasemdum stofnunarinnar hvað varðar form tillögunnar, sbr. 1. mgr. 42. skipulagslaga.

Guðjón Erlendsson

